

**Nd.**

**548. Nefndarálit**

**[222. mál]**

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Yfirskoðunarmenn hafa gert 20 athugasemdir við reikninginn. Þar kemur m. a. fram, að af innheimtum ríkissjóðstekjum á árinu voru 200 millj. kr. í vörzlum innheimtumanna í árslokin. M. ö. o., þeir voru ekki búnir að skila þessu fé til ríkissjóðs.

Tíu innheimtumenn áttu eftir að skila af sér í árslokin yfir 40% af innheimtu fé, og fjórir áttu þá eftir að skila 61.2%—70.8% af því, sem þeir höfðu innheimt á árinu.

Hvernig stendur á þessu? Hvers vegna eru innheimtumennirnir ekki látnir skila fénu til ríkissjóðs, strax þegar þeir hafa innheimt það?

**Hér er óreiða, sem skylt er að uppræta tafarlaust.**

Fleira ihugunarvert kemur fram í athugasemdum yfirskoðunarmanna, svo sem einkennilegar afskriftir og bókhaldsaðferðir hjá ríkisútvarpinu, en að því mun meiri hl. fjárhagsnefndar víkja í sínu nefndaráliti. Þá má nefna lánveitingar úr ríkissjóði og útistandandi skuldir hjá ríkisstofnunum og athugasemd við reikninga húsameistaraembættisins.

Ríkisendurskoðunin hefur ekki enn lokið endurskoðun allmargra reikninga fyrir árið 1967, og nokkuð er óendurskoðað frá fyrri árum. Undirritaðir leggja til, að Alþingi fresti afgreiðslu ríkisreikningsins, þar til endurskoðun þeirra reikninga, sem hann er byggður á, er að fullu lokið.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Skúli Guðmundsson,  
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.